

## Skýrsla stjórnar Félags háskólakennara félags háskólamenntaðra starfsmanna Háskóla Íslands og tengdra stofnana starfsárið 2024 - 2025

Hlutverk félagsins er skilgreint í 2. grein laga þess og er eftirfarandi:

- að vinna að bættum kjörum og auknum réttindum félagsmanna og fara með samningsumboð fyrir félagsmenn.
- að upplýsa félagsmenn um réttindi þeirra og skyldur.
- að stuðla að samvinnu og samstöðu meðal félagsmanna.
- að efla símenntun félagsmanna og stuðla að eflingu rannsókna.
- að vera í fyrirsvari fyrir félagsmenn gagnvart skyldum innlendum og erlendum félagasamtökum.

Stjórnin telur skýrsluna endurspegla þessi hlutverk félagsins.

### Fjöldi félagsmanna 1. október 2024, skipting eftir stofnunum og starfsheimum:

| HÍ                                     | Fjöldi       | Stöðugildi      |
|----------------------------------------|--------------|-----------------|
| Dósentar                               | 132          | 110,4           |
| Lektorar                               | 156          | 119,1           |
| Stjórnsýsla                            | 408          | 377,6           |
| Aðjúntar I og II                       | 203          | 118,0           |
| Sérfræðingar, fræðimenn og vísindamenn | 50           | 44,3            |
| Nýdóktarar, rannsækna sérfræðingar     | 112          | 95,0            |
| Meistara – og doktorsnemar             | 288          | 241,7           |
| Rannsóknarfólk, aðstoðarfólk           | 104          | 71,6            |
| <b>HÍ alls</b>                         | <b>1.453</b> | <b>1177,8</b>   |
| Árnastofnun alls                       | 54           | 47,88           |
| Landsbókasafn alls                     | 19           | 16,78           |
| Keldur alls                            | 8            | 7,5             |
| <b>Félags háskólakennara ALLS</b>      | <b>1.534</b> | <b>1.249.96</b> |

Samkvæmt skýrslu stjórnar frá starfsárinu 2023 - 2024 var fjöldi félagsmanna í október 2023 samtals 1.510 og því er fjölgun félagsmanna milli ára tæp 2,0%.

## **Stjórn**

Stjórn Félags háskólakennara starfsárið 2024 - 2025 skipuðu eftirfarandi:

Baldvin Zarioh, formaður (deildarstjóri).

Jens Guðmundur Hjörleifsson, varaformaður (lektor).

Ármann Höskuldsson, meðstjórnandi (rannsóknaprófessor).

Íris Davíðsdóttir, ritari (rekstrarstjóri).

Íris Hrönn Guðjónsdóttir, meðstjórnandi (innviðastjóri).

Katrín Pálmad. Þorgerðardóttir, fulltrúi styrkþega, (doktorsnemi).

Kolbeinn Hólmur Stefánsson, meðstjórnandi (dósent).

Ragna Kemp Haraldsdóttir, meðstjórnandi (dósent).

## **Starfsmaður**

Fastráðinn starfsmaður félagsins er Helga Birna Ingimundardóttir, framkvæmdastjóri.

## **Skrifstofa**

Heimilisfang og aðsetur félagsins er Borgartún 27, 2. hæð.

## **Trúnaðarstörf**

Á fyrsta fundi nýrrar stjórnar þann 5. júní 2024 var ákveðið að Jens Guðmundur Hjörleifsson yrði varaformaður félagsins, Íris Davíðsdóttir ritari og Íris Hrönn Guðjónsdóttir, gjaldkeri.

Fulltrúi félagsins á háskólaþingi var kosin á stjórnarfundum 3. apríl 2024, Íris Hrönn Guðjónsdóttir og til vara Jens Guðmundur Hjörleifsson. Skipunartíminn er skólaárið 2024 – 2025.

Á stjórnarfundum í byrjun starfsársins var ákveðið að Ragna Kemp Haraldsdóttir yrði varamaður í stjórn matkerfisnefndar.

Á stjórnarfundum þann 1. febrúar 2023 var Ármann Höskuldsson skipaður fulltrúi félagsins í Siðanefnd HÍ til þriggja ára, frá 1. janúar 2023 til 31. desember 2025.

Hanna Björg Sigurjónsdóttir prófessor var tilnefnd í ráð um málefni fatlaðra fyrir hönd Félags háskólakennara og Félags prófessora við ríkisháskóla.

Skoðunarmenn reikninga eru Sigríður Jónsdóttir og Reynir Örn Jóhannsson.

Kjörnefnd var kosin á aðalfundi 2023 og hana skipa Anna Jóna Ingu Ólafardóttir, Kristín Harðardóttir og Sverrir Guðmundsson.

Trúnaðarmenn félagsins eru rúmlega 20 talsins. Mikilvægt er að félagið hafi tengiliði á öllum sviðum og stofnunum þar sem félagsmenn starfa. Listi með nöfnum trúnaðarmanna og vinnustöðum

**Félag háskólakennara hvetur félagsmenn að kjósa trúnaðarmenn á sinni starfsstöð og mun veita þá aðstoð sem þarf.**

## **Starfsárið, störf stjórnar**

Alls hafa verið haldnir 15 formlegir stjórnarfundir á starfsárinu, auk vinnufunda stjórnar vegna kjaramála og fjölda annara funda um afmörkuð málefni. Ýmis málefni hafa verið á borði stjórnar og gert er grein fyrir þeim helstu hér á eftir.

### **Kjaramál:**

Kjarasamningur til eins árs var gerður þann 12. apríl 2023, með gildistíma 1. apríl 2023 til 31. mars 2024. Undirbúningur nýs kjarasamnings hófst á vormánuðum 2024. Félag háskólakennara, Félag háskólakennara á Akureyri og Félag prófessora við ríkisháskóla áttu í nánú samstarfi við tíu önnur aðildarfélög BHM í komandi kjarasamningsviðræðum. Ákveðið var að á vettvangi þess borðs yrðu ræddar stóru línur væntanlegs kjarasamnings s.s. almennar launahækkanir, gildistími samnings og ýmis réttindamál. En félögin sjálf ræði sín sérmál og kröfur. Frá upphafi hefur því verið ljóst að þegar að nær drægi undirritunar kjarasamnings gæti kvarnast upp úr hópnum. Fh, FPR og FHA voru frá upphafi mjög skýr á því að sennilegast myndu þau fljótlega fara sér fram með sínar kröfur, vegna sérstöðu félaganna. Fyrsti fundur BHM13 með Samninganefnd Ríkisins var haldinn þann 10. apríl 2024. Þá var fundur haldinn með BHM13 og SNR þann 30. apríl sl. þar sem farið var yfir skipulagningu næstu funda og fundir haldnir um tiltekin mál 13. og 15. maí 2024.

Fyrsti fundur samninganefnda háskólafélaganna þriggja (Fh, FHA og FPR) var haldinn 21. júní sl. lögðu félögin þrjú fram sameiginlega kröfugerð. Helstu atriði hennar voru þessi:

1. hækkun grunnlauna.
2. Leiðrétting launataflna.
3. Fjármagn í vinnumatssjóði Fh og FHA, vinnumatssjóður nýdoktora.
4. Ákvæði um launaþróunartryggingu.
5. Ákvæði um styttingu vinnuvikunnar fyrir akademískt starfsfólk.
6. Bókun 1, 0,1% framlag til félaganna.
7. Greiðslur í starfsþróunarsjóði verði hækkaðar.
8. Lagfæring á texta kjarasamninga um ferðatíma erlendis.
9. Kjarasamningsbinding rannsóknaleyfa akademískt starfsfólks.
10. Fjármagn til endurskoðunar stofnanasamninga.
11. Snjalltæki og búnaður.

Það var ljóst frá upphafi að afstaða Samninganefndar ríkisins (SNR) að þeim væri þröngur stakkur settur og gætu ekki gert samninga er færu umfram þá samninga sem gerir voru á almenna markaðinum í upphafi árs 2024, svokallað „merki“ markaðarins. Félagsfólki félaganna þriggja var sendur tölvupóstur 27. júní 2024 frá samninganefnd þar sem staða samningagerðar var rakin fyrir sumarfrí.

Stéttarfélagið Viska, undirritaði fyrst aðildarfélag BHM kjarasamning við SNR í júlí 2024. Innihald samningsins var sambærilegt og áður hafði verið samið um á almenna markaðinum og í anda áherslna SNR. Viska var ekki hluti að samstarfi BHM 13 félaganna og því var ljóst að róðurinn yrði erfiður að ná samningum út fyrir þann ramma sem lagður var í þeim samningi.

Málin þróuðust hratt í samningamálum í byrjun ágúst og fram í miðjan september 2024 bæði á borðum BHM13 og í sameiginlegum viðræðum Fh, FHA og FPR við SNR.

Félagsfólk Fh var sendur tölvupóstur þann 9. september 2024 frá samninganefnd félagsins um að viðræður gengu hægt en örugglega. Þar kom m.a. fram að áherslumál félaganna þriggja snúi að frekari réttindum fyrir félagsfólk, annars vegar að kjarasamningum og hins vegar í stofnanasamningum. Samninganefnd Félags háskólakennara hafði samhliða viðræðum við SNR átt í nánú samtali við HÍ um bókanir í stofnanasamningi.

Kjarasamningur Félags háskólakennara annars vegar og fjármálaráðherra hins vegar var undirritaður þann 16. september 2024. Samningurinn var kynntur á fjarfundi 17. september 2024. Innihald hans er eftirfarandi:

- Gildistími 1. apríl 2024 – 31. mars 2028
- Umsamdar hækkanir á almenna markaðinum, 3,25% 1. apríl 2024, 3,5% 1. apríl 2025, 3,5% 1. apríl 2026, 3,5% 1. apríl 2027?, ásamt 0,7% umframsvigrúm. Kostnaðarmat á samningatímanum er 15,24% fyrir launatöflu A og 17,48% fyrir launatöflu S.
- Önnur laun taka mið af kjarasamningsbundum hækkunum.
- Launatöfluauki.
- Vinnuvika alls félagsfólks 36 virkar vinnustundir og tímakaup dagvinnu 0,632%.
- Persónu- og desemberuppbætur á samningstímabilinu.
- Ný grein um mæðravernd og tæknifrjóvgun.
- Rannsóknamissari réttur en ekki heimild.
- Fh fær mánaðarlega 0,1% í sérstakan mennta- og fræðslusjóð, vegna hagfræðilegra greininga og fræðslu til trúnaðarmanna.
- Veikindi barna.
- Yfirlýsing stjórnvalda um samráð við félagið við endurskoðun á reiknilíkani.

Þá var einnig skrifað undir samkomulag um bókanir við stofnanasamning Félagsins og HÍ: Um starfsmatskerfið HERA, starfshópar um yfirvinnu í kennslu og launasetningu akademískra og doktorsnema, samgöngustyrkir, símakostnaður og líffræðilega skaðvalda.

Atkvæðagreiðsla um kjarasamninginn hófst sama dag, þriðjudaginn 17. september og stóð til 20. september. Kjarasamningurinn var samþykktur með 62,8% atkvæða. Alls voru 1.523 á kjörskrá og þar af tóku 570 þátt í kosningunni eða 37,88%. Af þeim sögðu alls 358 já eða 62,8% og nei sögðu alls 212 eða 37,2%.

Í ljósi mikillar umræðu um kjarasamninginn að aflokinni atkvæðagreiðslu sendi stjórn félagsins frá sér eftirfarandi álykun þann 27. september 2024 :

*„Þann 20. september sl. var nýr kjarasamningur Félags háskólakennara við ríkið samþykktur með 62,8% greiddra atkvæða. Framundan eru áframhaldandi viðræður við stjórnendur Háskóla Íslands á grundvelli bókana í stofnanasamningi og eru þar undir mörg og viðamikil mál sem leysa þarf á samningstímanum.*

*Að lokinni atkvæðagreiðslu vill stjórn Félags háskólakennara benda á þá staðreynd að nær fjórir af hverjum tíu sem greiddu atkvæði kusu gegn samningnum. Það er til marks um mikla og vaxandi óánægju með launa- og starfskjör félagsfólks. Þá er ljóst að álag á starfsfólk er komið fram úr öllu hófi, samanber erindi og umræður á sameiginlegum málþingum Félags háskólakennara, Félags prófessora við ríkisháskóla og Félags háskólakennara á Akureyri sem haldin voru í vor. Viðvarandi fjársvælti Háskóla Íslands kemur niður á gæðum kennslu, rannsóknum og þjónustu við nemendur og hefur í för með sér vaxandi spekileka innan háskólasamfélagsins.*

*Félag háskólakennara skorar á stjórnvöld að standa við gefið loforð frá árinu 2011 um að fjárfesting í háskólamenntun skuli ná meðaltali OECD ríkjanna. Hver ríkisstjórnin á fætur annarri hefur svikið það loforð. Það er ekki nóg að flytja innblásnar ræður um gildi menntunar á tyllidögum heldur er nauðsynlegt að búa þannig að menntastofnunum að þær standi undir alþjóðlegum viðmiðum.“*

Í kjölfar kjarasamninga hafa farið fram reglulegir fundir með samráðsnefnd Háskólans og félagsfólk upplýst um stöðu mála með upplýsingapistlum í tölvupósti.

Samráðsnefnd háskólaráðs um kjaramál:

Í kjölfar nýgerðs kjarasamnings og bókana með stofnanasamningi óskaði félagið eftir því að fundir félagsins með samráðsnefnd HÍ um kjaramál yrðu haldnir reglulega einu sinni í mánuði. Hér eru talin upp helstu atriði sem hafa verið til umfjöllunar hjá nefndinni í vetur:

- Starfshópar um yfirvinnu í kennslu, launasetningu akademískra og laun og starfskjör doktorsnema.
- HERA, nýtt starfsmatskerfi í stjórnsýslu.
- Skaðvaldareglur.
- Rannsóknamisseri sérfræðinga.
- Kynning á reglum um símastyrk.
- Samgöngustyrkur.
- Sáttmálasjóður.
- Starfsskyldur aðjunkta1/lektora/dóSENTA sem fara í hlutastarf í aðdraganda starfsloka.
- Fjálmögnun á veikindum doktorsnema.
- Námsleyfi.
- Reglur vinnumatssjóðs, í birtingu.
- Reglur nýdoktorasjóðs.
- Aðjunktur II hugvísindasviði (endurtekin kennsla + „yfirvinna“)
- Aðjunktur II: Hvaða starfsreynsla telur þar?
- Yfirvinna í læknadeild.
- Greiðslur fyrir þátttöku á háskóladeginum.
- Kennsla og talning veikinda.
- Kortlagning launa styrkþega.
- Verkefnaðið vinnurými.
- Launasetning nýdoktora.
- Einstaklingsmál.

#### Fæðisfé:

HÍ boðaði breytingar á fyrirkomulagi fæðisfés og matarmiða vorið 2024. Í stað þess að greiða fæðisfé eða veita aðgang að matarmiðum þá stefnir Háskólinn í að fella niður fæðisfé og matarmiða og fjármagna þess í stað afslætti gegn framvísun korts í Hámu og e.t.v. fleiri stöðum í framtíðinni. Félag háskólakennara mótmælti þessum fyrirætlunum.

Starfshópur um matarmál starfsfólk var settur á fót í lok september 2024 til að útfæra tillögur að nýju fyrirkomulagi matarmála en markmið breytinganna er að bæta aðstöðu fyrir starfsfólk til að njóta matar og kaffiaðstöðu, auka gæði máltíða og bæta aðgengi að hollum mat og að nýta betur fjármagn og stuðla að aukinni umhverfisvernd. Upphaflega átti nefndin að skila af sér fyrir lok október en sá tímafrestur var verið lengdur út nóvember. Í starfshópnum voru tveir fulltrúar háskólans auk fulltrúa frá Fh og FPR, formaður Fh var fulltrúi í hópnum. Hópurinn kynnti sér fyrirkomulagið hjá tveimur aðilum nálægt Háskóla Íslands auk fyrirkomulags mála hjá HÁMU. Þá fór rýnihópavinna með fulltrúum frá öllum sviðum auk miðlægrar stjórnsýslu fram. Starfshópur um matarmál starfsfólks lauk störfum í lok nóvember og skilaði skýrslu til háskólaráðs. Í niðurlagi álitsins segir: „*Það er pólitísk ákvörðun sem hvílir á herðum yfirstjórnar háskólans að afnema fæðisfé og semja við aðila um veitingarekstur á svæðinu. Það framboð og sú mynd sem er á þjónustu við starfsfólk í dag dugir engan veginn til að réttmætt sé að taka af fæðisfé og því er breytinga þörf.*“

Nú er ljóst að HÍ mun ekki fara að tillögum nefndarinnar sbr. tilkynningu frá mannauðssviði HÍ til starfsfólks 14. apríl sl. og eru fyrirbyggjandi tillögur að mestu leiti samhljóða þeim tillögum sem lagðar voru fram fyrir ári síðan.

#### Keldur:

Forráðamenn Keldna ákváðu að virða ekki áralanga verklagsreglur vegna greiðslna úr vinnumatssjóði við starfslok og því leitaði sá starfsmaður og félagsmaður til félagsins. Félagið átti fund með forráðamönnum Keldna og sendi erindi í framhaldi til stjórn Keldna þann 14. október 2024, með þá ósk að stjórnin snéri við ákvörðun forráðamanna Keldna. Stjórn Keldna hafnaði erindi félagsins með bréfi þann 12. nóvember sl. og því leitaði félagið álits hjá lögmanni BHM. Lögmaður BHM sendi formlegt bréf til stjórnar og forráðamanna Keldna þann 7. apríl 2025, þar sem þess var farið á leit að aðilar snéru við fyrri ákvörðun sinni og leiðrétti greiðslur úr vinnumatssjóði vegna starfsloka mv. fullt starfshlutfall. Að öðrum kosti muni félagið fá skorið úr ágreiningnum fyrir dómstólum. Svar barst frá Keldum þann 2. maí sl. þar sem fram kemur að forráðamenn ætli að óska eftir áliti Kjara- og mannauðssýslu ríkisins og Ríkislögmanni á málinu.

Stjórn Félags háskólakennara lítur þetta mál alvarlegum augum enda um grundvallarmál að ræða þar sem vikið er frá áralangri hefð á greiðslum úr sjóðinum, vegna starfsloka. Málið er í höndum lögmanns BHM sem mun aðstoða félagið við málssókn ef til þess kemur.

#### Matkerfisnefnd:

Jens Guðmundur Hjörleifsson varaformaður félagsins, er fulltrúi Fh, FPR og FHA í stjórn matskerfisnefndar. Nefndin hefur fundað 3 – 4 sinnum í vetur og tekur m.a. á móti tillögum að breytingum að kerfinu. Nefndinni hafa borist nokkrar ábendingar og unnið úr þeim og svarað erindum. Á fundi þann 1. apríl sl. var m.a. rætt um tillögur sem barst um áherslubreytingu á kerfinu. Nefndin ákvað að fresta umræðunni en mun halda fund í haust með kjarafélögunum til að kynna og ræða þær frekar.

#### Fedon og stafrsmenntunarsjóður:

Fedon, félag doktorsnema og nýdoktora leitaði til félagsins vegna réttindaskerðinga þeirra vegna breytinga á reglum sjóðsins. Félagið sendi stjórn sjóðsins erindi þann 23. janúar sl. þar sem athygli var vakin á málinu og óskað eftir úrbótum. Svar barst frá stjórn sjóðsins þann 26. febrúar sl. þar sem erindinu var hafnað.

#### Rektorskjör:

Stjórn félagsins fundaði með frambjóðendum til kjörs rektors þann 4. febrúar sl. Frambjóðendur svöruðu spurningum sem stjórn félagsins hafði sent til þeirra og kynntu framboð sín. Þá var einnig haldinn opinn fundur með frambjóðendum til rektors í samvinnu við Félags prófessora við ríkisháskóla þann 6. mars síðastliðinn. Fundinum var haldinn í Odda og var einnig streymt og hann var vel sóttur.

#### Samtal við frambjóðendur til Alþingis:

Félag háskólakennara í samvinnu við Félag prófessora við ríkisháskóla stóð fyrir opnum fundi með frambjóðendum til Alþingis þann 25. nóvember 2024. Fundurinn var haldinn í Öskju og var vel sóttur.

#### Akademískt frelsi:

Undanfarin tvö ár hafa stéttarfélög akademískra starfsmanna á Norðurlöndum tekið saman skýrslu um stöðu akademísks frelsis innan Norðurlandanna. Í skýrslunni er fjallað um núverandi stöðu sem og þær hættur og ógnir er steðja að akademísku frelsi í Danmörku, Finnlandi, Noregi, Íslandi og Svíþjóð. Í skýrslunni er fjallað um skilgreiningu á akademísku frelsi og mikilvægi þess fyrir háskóla og háskólastofnanir, auk þess er staðan í hverju landi fyrir sig greind. Þá er litið til framtíðar, en brýnt er að Norðurlöndin standi vörð um akademískt frelsi, norrænu samfélagi til velfarnaðar. Loks eru tilmæli til stjórnvalda á Norðurlöndunum, varnaðarorð og tillögur til úrbóta. Skýrslunni verður dreift til ráðuneyta menntamála, rektora og háskólaráða. Fulltrúar á fundi Norðurlandsráðs 2024 haldinn á Íslandi, fengu eintak af skýrslunnar við innritun á fundinn.

Fyrir hönd Félags prófessora voru það Henry Alexander Henrysson og Hólmfríður Garðarsdóttir sem komu að ritun skýrslunnar. Fulltrúi Félags háskólakennara var Ármann Höskuldsson. Skýrslan var birt þann 28. október og hægt er að nálgast hana á heimasíðu félagsins.

#### Umsagnir:

Félag háskólakennara sendi umsögn um tillögur að breyttum starfsheitum þann 3. mars 2025.

Félag háskólakennara sendi umsögn um tillögur að breytingum á reglum um ótímabundnar ráðningar, þann 11. mars 2025.

#### Erlent samstarf

Vorið 2024 sóttu sex fulltrúar félagsins fund norrænna systursamtaka í Bergen í Noregi. Þar sem auk kjaramála var meðal annars rætt um akademískt frelsi.

#### Háskólaþing:

Íris Hrönn Guðjónsdóttir sat Háskólaþing 20. nóvember 2024, sem fulltrúi félagsins.

#### **BHM**

Félag háskólakennara er fjórða fjölmennasta aðildarfélag bandalagsins og tekur virkan þátt í störfum þess og á eftirfarandi fulltrúa í stjórnnum og nefndum:

Stjórn BHM: Íris Davíðsdóttir ritari Fh situr í Framkvæmdastjórn BHM.

Formannaráðsfundir BHM: Baldvin Zarioh formaður, situr í formannaráði BHM. Íris Davíðsdóttir situr einnig fundina vegna stjórnarsetu í BHM.

Jafnréttisnefnd BHM: Sunna Kristín Símonardóttir er formaður jafnréttisnefndar BHM og er fulltrúi félagsins í nefndinni.

Framboðsnefnd BHM: Ármann Höskuldsson er varamaður í framboðsnefnd BHM.

Kjörstjórn BHM: Baldvin Zarioh var varamaður í kjörstjórn BHM.

Nefnd um innri málefni BHM: Baldvin Zarioh formaður, hefur tekið þátt í störfum nefndarinnar á starfsárinu.

Samninganefnd félagsins og framkvæmdastjóri hafa tekið þátt í undirbúningi kjarasamningsgerðar með aðildarfélögum BHM á starfsárinu.

Stefnumótunardagur BHM var haldinn 20. febrúar sl. og sátu alls 18 fulltrúar félagsins fundinn.

#### **Málefni einstakra félagsmanna**

Á skrifstofu félagsins leita fjölmargir félagsmenn með ýmis mál sem þeir óska eftir aðstoð við að fá úrlausn á. Vel hefur gengið að leysa úr erindum félagsmanna á liðnu starfsári og skrifstofa félagsins vill hvetja félagsmenn að hika ekki við að hafa samband ef eitthvað bjátar á í kjara- og/eða réttindamálum eða ef upplýsinga er þörf.

**LOKAORÐ:**

*Stjórnarmönnum og framkvæmdastjóra er þakkað fyrir afskaplega gott samstarf á liðandi starfsári. Við viljum líka nota tækifærið og þakka Félagi Prófessora við ríkisháskóla og Félagi háskólakennara á Akureyri fyrir mjög gott samstarf á árinu*



## **Starfsþróunarsjóður Félags háskólakennara (SFH)**

Stjórn Starfsþróunarsjóðs Félags háskólakennara starfsárið 2024 - 2025 skipuðu eftirfarandi:

Fulltrúar Félags háskólakennara:

Íris Davíðsdóttir rekstrarstjóri, formaður.

Jens Guðmundur Hjörleifsson lektor.

Fulltrúar Háskóla Íslands:

Pórana Dietz starfsmannastjóri Heilbrigðisvísindasviðs.

Guðrún Margrét Eysteindóttir lögfræðingur á Starfsmannasviði.

Framkvæmdastjóri sjóðsins er Helga Birna Ingimundardóttir.

Alls voru haldnir 12 fundir formlegir stjórnarfundir. Umsóknir á árinu 2024 hafa aldrei verið eins margar eða alls 684 og fjölgaði um tæp 38% frá árinu 2023. Að sama skapi voru greiddir styrkir á árinu 2024 alls kr. 118.027.235 og jukust um 42% frá fyrra ári.

### **Kynningarmál:**

Stjórn sjóðsins leggur mikla áherslu á að kynna sjóðinn vel fyrir félagsfólki og voru rafrænar kynningar haldnar í febrúar sl. á íslensku og ensku, sem voru mjög vel sóttar.

Þá var öllum dósentum sendur tölvupóstur þar sem vakin var athygli á því að réttindi úr SFH falla niður með framgangi í starf prófessors.

Til stendur að færa afgreiðslu sjóðsins á sama form og „mínar síður“ bjóða uppá á heimasíðu BHM, fyrir aðra sjóði. Undirbúningur að þeirri breytingu er þegar hafin, vonast er eftir því að hægt verði að taka upp nýtt kerfi haustið 2025.

### **Tölulegar upplýsingar um starfsemi sjóðsins á árunum 2017 til 2024 má sjá í eftirfarandi töflum:**

|                                            | 2024        | 2023       | 2022       | 2021       | 2020       | 2019       | 2018       | 2017       |
|--------------------------------------------|-------------|------------|------------|------------|------------|------------|------------|------------|
| <b>Fjöldi umsókna</b>                      | 684         | 496        | 499        | 190        | 138        | 275        | 214        | 107        |
| Samþykktar umsóknir                        | 678         | 478        | 480        | 181        | 132        | 258        | 200        | 97         |
| Ósamþykktar eða hætt við                   | 8           | 18         | 19         | 9          | 6          | 17         | 14         | 10         |
| Styrkir sem greitt er fyrir:               |             |            |            |            |            |            |            |            |
| Skólagjöld                                 | 8%          | 10%        | 14%        | 31%        | 32%        | 14%        | 17%        | 26%        |
| Námskeiðsgjöld                             | 9%          | 6%         | 12%        | 35%        | 35%        | 9%         | 11%        | 12%        |
| Ráðstefnugjöld                             | 18%         | 20%        | 20%        | 8%         | 10%        | 21%        | 20%        | 5%         |
| Rannsóknamisseri                           | 2%          | 2%         | 2%         | 2%         | 0          | 0          | 0%         | 2%         |
| Kostnaður við flug                         | 32%         | 30%        | 25%        | 9%         | 11%        | 29%        | 27%        | 28%        |
| Kostnaður við akstur                       | 2%          | 2%         | 2%         | 2%         | 0,50%      | 2%         | 1%         | 2%         |
| Kostnaður við hótél                        | 29%         | 30%        | 25%        | 13%        | 11,50%     | 25%        | 24%        | 25%        |
|                                            | 100%        | 100%       | 100%       | 100%       | 100%       | 100%       | 100%       | 100%       |
| <b>Greiddir styrkir einstaklingar kr.</b>  | 115.311.495 | 78.581.686 | 67.452.964 | 19.502.047 | 16.113.637 | 34.497.513 | 21.847.214 | 11.119.267 |
| <b>Greiddir styrkir stofnanir (HÍ) kr.</b> | 3.109.652   | 4.462.152  | 5.734.000  | 1.118.520  | 0          | 0          | 0          | 0          |
| <b>Alls greiddir styrkir kr.</b>           | 118.027.235 | 83.043.839 | 73.186.964 | 20.620.297 | 16.113.637 | 34.497.513 | 21.847.214 | 11.119.267 |

## Greiddir styrkir eftir stofnunum og starfsheitum

|                                                                  | 2024 | 2023 | 2022 | 2021 | 2020 | 2019 | 2018 | 2017 |
|------------------------------------------------------------------|------|------|------|------|------|------|------|------|
| <b>HÍ</b>                                                        | 95%  | 91%  | 93%  | 93%  | 96%  | 91%  | 94%  | 90%  |
| <b>Akademískir</b>                                               | 34%  | 41%  | 38%  | 25%  | 26%  | 48%  | 48%  | 43%  |
| <b>Stjórnsýsla</b>                                               | 31%  | 35%  | 31%  | 29%  | 44%  | 30%  | 34%  | 32%  |
| <b>aðrir</b>                                                     | 36%  | 24%  | 31%  | 46%  | 52%  | 22%  | 18%  | 23%  |
| <b>Landsbókasafn-háskólabóka<br/>safn, Keldur og Árnastofnun</b> | 5%   | 9%   | 7%   | 7%   | 4%   | 9%   | 6%   | 10%  |